

5. fundur stjórnar AP, starfsárið 2014-2015

haldinn í Dalakofanum, Reykjadal mánudaginn 20. apríl 2015 kl. 12:30

Mætt: Aðalsteinn Árni Baldursson, Arnar Guðmundsson, Haraldur Bóasson, Sif Jóhannesdóttir og Yngvi Ragnar Kristjánsson. Einnig sátu fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, og starfsmenn félagsins Jóna Matthíasdóttir og Ari Páll Pálsson sem ritaði fundargerð.

Á fundi gerðist þetta:

1. Áritun ársreikninga félagsins og Vaxtarsamnings Norðausturlands

Stjórnarmenn árituðu ársreikninga félagsins og ársreikning Vaxtarsamnings Norðausturlands fyrir árið 2014.

2. Aðalfundur

- Lagt til að fundarstjóri aðalfundar verði Arnór Benónýsson og fundarritari Ari Páll Pálsson.
- Skráning vegna breytinga á samþykktum á síðasta aðalfundi barst ekki fyrirtækjaskrá í tíma og hefur því ekki verið færð inn. Nú þarf því að staðfesta lagabreytingu sem samþykkt var á síðasta aðalfundi.
- Þóknun stjórnar taki mið af þóknun fyrir nefndarstörf í „öðrum nefndum“ Norðurþings eins og verið hefur, nú kr. 11.927,- pr. fund.
- Fyrir liggur samkomulag milli hluthafa um að sú breyting verði gerð á stjórn að inn komi Elías Pétursson, sveitarstjóri í Langanesbyggð. Hann taki sæti Yngva Ragnars Kristjánssonar sem verði fyrsti varamaður, en Hilma Steinarsdóttir víki úr stjórn. Þetta er í samræmi við þá stefnu sem verið hefur um aðkomu norður og suður hluta svæðisins að stjórn félagsins. Tillaga að stjórnarkjöri er því svohljóðandi:

Aðalstjórn:

Aðalsteinn Á. Baldursson
Arnar Guðmundsson
Haraldur Bóasson
Sif Jóhannesdóttir
Elías Pétursson

Varastjórn:

Yngvi Ragnar Kristjánsson
Björn Víkingur Björnsson

Nokkur umræða varð um skiptingu stjórnarmanna, vægi svæða og einnig kynjahlutfall.

Stjórnarmenn þakka Yngva Ragnari fyrir vel unnin störf og gott samstarf í aðalstjórn á starfsárinu.

3. Hvatningarverðlaun

Samþykkt að Vélaverkstæðið Árteigi sf. hljóti hvatningarverðlaun félagsins að þessu sinni og árituðu framkvæmdastjóri og stjórnarformaður viðurkenningarskjal vegna verðlaunanna.

4. Málþing

Matthildur Elmarsdóttir frá Alta hefur verið fengin til að vera frummælandi á málþinginu sem ber yfirskriftina *Svæðisskipulag – tæki til stefnumörkunar*. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir vali á fundarefni og frummælenda.

5. Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir hlutabréfaeign félagsins og langtímakröfu sem félagið á vegna hluta þeirra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:15